

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 1. desember kl. 09:12, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 895. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Harri Ormarsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Brynja Kemp Guðnadóttir, Þórður Már Sigfússon, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Jóhanna Guðjónsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bankastræti 3, ósk um uppbyggingaráform** (01.170.0) Mál nr. SN220731
Skjalnr. 10612
Herbertsprent ehf, Pósthólf 502, 121 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. nóvember 2022 var lagt fram bréf Herbertsprents dags. 10. mars 2021 þar sem óskað er eftir heimild til uppbyggingar. Einnig eru lögð fram bréf Herbertsprents dags. 25. janúar 2022 (tvö samhljóða bréf), 23. febrúar 2022 og 26. apríl 2022. Jafnframt er lagt fram minnisblað Framkvæmdasýslu ríkiseigna dags. 9. nóvember 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
- Grettisgata 87 og Laugavegur 114 og 116 - Tryggingarstofnunarreitir, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.240.1) Mál nr. SN220639
Skjalnr. 5990
Hallgrímur Þór Sigurðsson, Heiðarlundur 15, 210 Garðabær
S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Hallgríms Þórs Sigurðssonar, dags. 7. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi Tryggingarstofnunarreits vegna uppbyggingar að Grettisgötu 87 samhliða endurgerð bygginga að Laugavegi 114 og 116, samkvæmt tillögu Nordic ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022 samþykkt.
- Nesvegur 65, Viðbygging** (01.531.0) Mál nr. BN061476
Skjalnr. 9838
Elín Sólveig Steinarsdóttir, Nesvegur 65, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, steiptan kjallara og timburhæð á suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 65 við Nesveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2022. Jafnframt eru lagðir fram uppdráttir Teiknistofunnar Stiku dags. 29. ágúst 2022, síðast uppfærðir 16. nóvember 2022 og samþykki hagsmunaaðila mótt. 28. nóvember 2022.
Leiðrétt bókun frá fundi skipulagsfulltrúa 18. nóvember 2022.

Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Nesvegi 63 og 67 og Sörlaskjóli 88 og 94 þegar uppfærðir uppdrættir berast embætti skipulagsfulltrúa sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2022.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.

Nú bókað:

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. **Njörvasund 30, Viðbygging** (01.414.1) Mál nr. BN061583
Skjalnr. 14660
Arnbór Jónsson, Njörvasund 30, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr léttu byggingarefni þar sem koma á fyrir eldhúsi og með tengingu út í garð í húsi á lóð nr. 30 við Njörvasund.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
5. **Drafnarstígur 9, (fsp) uppbygging** (01.134.2) Mál nr. SN220571
Skjalnr. 14474
Stólpar ehf., Sólbraut 4, 170 Seltjarnarnes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Stólpa ehf., dags. 15. september 2022, ásamt bréfi Trípólí arkitekta dags. 15. september 2022 um uppbyggingu á lóð nr. 9 við Drafnarstíg, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta dags. 15. september 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022, samþykkt.
6. **Gefjunarbrunnur 8, Tvíbýlishús** (02.695.403) Mál nr. BN061809
Skjalnr. 14746
GH byggingar ehf., Þorrasölum 13, 201 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, tvílyft, tvíbýlishús, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 8 við Gefjunarbrunn. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022, samþykkt.
7. **Úlfarsárdalur, reitur E, breyting á deiliskipulagi** (02.6) Mál nr. SN220738
Skjalnr. 9615
Úlfarsá ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn Úlfarsá ehf., dags. 17. nóvember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna reits E. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir djúpgáma á lóð ásamt því að afmarkaður er reitur merktur athafnasvæði verslunar austan við móttöku, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Traðar dags. 16. nóvember 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
8. **Blesugróf 30, Stórfjölskylduhús** (01.885.3) Mál nr. BN061785
Skjalnr. 13691
Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, einnar hæðar einbýlishús á lóð nr. 30 við Blesugróf.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Brautarholt 30, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.250.1) Mál nr. SN220766 Skjalnr. 7155
Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær
Sunnutorg ehf., Lækjarkinn 20, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Odds Víðissonar f.h. Sunnutorgs ehf., dags. 28. nóvember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 30 við Brautarholt, sem felst í að rífa og endurgera þakhæð og koma fyrir einni inndreginni aukahæð, ásamt þakgarði og svölum, samkvæmt uppdr. DAP ódags. Einnig er lagt fram bréf hönnuðar dags. 28. nóvember 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Skúlagata 13, Stöðuleyfi - gámur** (11.536.01) Mál nr. BN061791 Skjalnr.
Aurora Star Hotel ehf., Skútuvgi 6, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. nóvember 2022 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir gám sem geyma á rafskutlur frá 15. nóvember 2022 til 15. apríl 2023 á lóð nr. 13 við Skúlagötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Andra Björns Eiðssonar dags. 25. nóvember 2022 þar sem umsókn er dregin til baka.
Umsóknin dregin til baka.
11. **Fífurimi 13, Viðbygging og br. á innra skipulagi leikskóla** (02.585.705) Mál nr. BN061780 Skjalnr. 14747
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa timburtengibyggingu með einhalla þaki við leikskólann Fífuborg og breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Fífurima.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Sogavegur 3, Byggt yfir og lokað porti sem verður óupphitað og óeinangrað - kjallari stækkaður og gluggi á norðurhlið.** (01.810.9) Mál nr. BN060762 Skjalnr.
Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til stækkun húss, þ.e. kjallari er stækkaður til vesturs og komið fyrir glugga á norðurhlið, á aðkomuhæð er núverandi port lokað með léttu óeinangruðu timburþaki auk glugga og hurða í útveggi, notkun rýmis verði vinnsla fyrir verslun og vöruaðkoma án upphitunar í rými 0102, í húsi á lóð nr. 3 við Sogaveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Breiðhöfði 9, (fsp) uppbygging** (04.030) Mál nr. SN220747 Skjalnr. 14744
Þorpið - Vistfélag ehf., Suðurlandsbraut 30, 128 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Þorpsins - Vistfélags ehf., dags. 22. nóvember 2022, um uppbyggingu á lóð nr. 9 við Breiðhöfða, samkvæmt uppdr. Arkís dags. 21. nóvember 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Breiðhöfði 10, Niðurrif - Mhl.01 - 0101 - 0102 - 0104 - 0201 (Ekki mhl.02)** (04.035.7) Mál nr. BN061747 Skjalnr. 6328
Borgarhöfði Fasteignar II ehf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs núverandi bygginga í matshluta nr. 01 á lóð nr. 10 við Breiðhöfða.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

15. **Breiðhöfði 10, Niðurrif-mögul.endurnýting -** (04.035.7) Mál nr. BN061748
Mhl.01 - 0103 Skjalnr. 6328
(Ekki mhl.02)
Borgarhöfði Fasteignar II ehf, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs, förgunar og endurnýtingar húshluta 01-0103, verksmiðjuhús, í matshluta nr. 01 á lóð nr. 10 við Breiðhöfða.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
16. **Köllunarklettsvegur 2, breyting á** (01.329.8) Mál nr. SN220279
deiliskipulagi Skjalnr. 5478
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst stækkun á lóð til vesturs, stækkun á byggingarreit vegna viðbygginga og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2022. Bílastæði á lóð verða í samræmi við Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig er lagt fram samþykki Faxaflóahafna dags. 29. apríl 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. október 2022 til og með 8. nóvember 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Sturla Geirsson f.h. Kró Design dags. 17. október 2022, Helgi Lárusson f.h. Endurvinnslunnar hf. dags. 18. október 2022, Veitur ohf dags. 26. október 2022 og Pétur Jónsson hjá Eflu f.h. Sindraport hf. dags. 7. nóvember 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Ásvallagata 21, Breytingar á BN033899 -** (01.162.208) Mál nr. BN061410
Stofn Skjalnr. 6122
Breytingar á BN052739
Örvar Eyjólfsson, Ásvallagata 21, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033899 m.s.br., salerni breytt í geymslu, svalir stækkaðar og hámarkshæð þaks hækkar frá fyrri grenndarkynningu, á húsi á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 19 og 23
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
18. **Hjarðarhagi 13, 13-15 - Klæðning** (15.530.06) Mál nr. BN061358
Skjalnr. 14193
Hjarðarhagi 13-15, húsfélag, Hjarðarhaga 13, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að klæða hluta norðurhlíðar og austurgafli með sléttri áklæðningu á undirkerfi úr áli og fjarlægja steipt handrið og stálhandrið og koma fyrir í léttu stálhandriði klæddu harðplastplötum á hús á lóð nr. 13-15 við Hjarðarhaga. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

19. **Hverfisgata 105, Íbúð - 0304** (01.154.406) Mál nr. BN061650
Skjalnr. 5139
Ísvaki ehf., Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. október 2022 þar sótt er um leyfi til að breyta rými 0304, sem skráð er sem vinnustofa í íbúð í húsi á lóð nr. 105 við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Ekki er gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
20. **Lindargata 50, (fsp) breytingar á bakhúsum,** (01.153.2) Mál nr. SN220551
Skjalnr. 10663
mhl. 02 og 03
Chabad á Íslandi, Grandavegi 42f, 107 Reykjavík
VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Magdalenu Sigurðardóttur dags. 8. september 2022 um hækkun á þaki bakhúss á lóð nr. 50 við Lindargötu sem snýr að Frakkastíg (mhl. 02) og koma fyrir stærri kvistum, þannig að koma megi fyrir lyftustokki, ásamt því að koma fyrir þakgarði á lægra bakhúss (mhl. 03) og þakgarði á herra bakhúss með gróðurhúsi (mhl. 03), samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 7. ágúst 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022, samþykkt.
21. **Skipasund 77, (fsp) bílskúr** (01.413) Mál nr. SN220678
Skjalnr. 14633
Sundasteinn ehf., Efstasundi 49, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Sundasteins ehf. dags. 24. október 2022, ásamt greinargerð, ódags., um að setja bílskúr á lóð nr. 77 við Skipasund, samkvæmt uppdr. Sunnefu Gunnarsdóttur dags. 21. október 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022, samþykkt.
22. **Tröllaborgir 14, breyting á deiliskipulagi** (02.34) Mál nr. SN220576
Skjalnr. 14614
Davíð Rúnar Bjarnason, Tröllaborgir 14, 112 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Davíðs Rúnars Bjarnasonar, dags. 19. september 2022, um breytingu á deiliskipulagi Borgahverfis E-H hluta vegna lóðarinnar nr. 14 við Tröllaborgir. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús, stækka íbúð á 1. hæð og setja svalir ofan á stækkunina, samkvæmt uppdr. Luigi Bartolozzi arkitekts dags. 19. september 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 1. nóvember 2022 til og með 29. nóvember 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
23. **Hrísrími 23-25, (fsp) stækkun húss** (02.583.3) Mál nr. SN220722
Skjalnr. 14604
Guðmundur Hannesson, Hrísrími 25, 112 Reykjavík
Sigurgísli Gíslason, Hrísrími 23, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Hannessonar og Sigurgísla Gíslasonar, dags. 9. nóvember 2022, um stækkun parhússins á lóð nr. 23-25 við Hrísríma, samkvæmt uppdr. Teiknistofu A.V.J. dags. 15. september 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. desember 2022, samþykkt.

24. **Blikastaðavegur 10 og 25, lóðabreyting** (02.5) Mál nr. SN220746
Skjalnr. 14526
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, landupplýsingardeildar, dags. 17. nóvember 2022 um lóðabreytingu að Blikastaðavegi 10 og 25 sem felst í að lóðin að Blikastaðavegi 10 er stækkuð inn á lóð Blikastaðarvegar 25 ásamt því að lóðin Blikastaðarvegur er stækkuð sem því nemur inn á borgarland. Einnig er lagt fram breytingarblað dags. 2. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Er í samræmi við gildandi deiliskipulag.
25. **Esjugrund 26, (fsp) stækkun húss** (32.473.501) Mál nr. SN220744
Skjalnr. 14743
Unnar Karl Halldórsson, Esjugrund 26, 116 Reykjavík
Guðlaug Helga Jónasardóttir, Esjugrund 26, 116 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Unnars Karls Halldórssonar og Guðlaugar Helgu Jónasardóttur, dags. 15. nóvember 2022, um stækkun hússins á lóð nr. 26 við Esjugrund, samkvæmt uppdr. dags. 11. nóvember 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Gullinbrú, (fsp) LED-skilti** (02.855.3) Mál nr. SN220745
Skjalnr. 9712
Ungmennafélagið Fjölnir, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ungmennafélagsins Fjölnis, dags. 10. nóvember 2022, um að setja upp led skilti við tvo innganga í Grafarvogi, annars vegar við Gullinbrú og hins vegar við Víkurveg á móts við N1.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Kjalarnes, Kalkslétta 1, (fsp) breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220645
Skjalnr. 10240
Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Íslenska gámafélagsins, dags. 11. október 2022, ásamt bréfi ALARK arkitekta, dags. 10. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi Esjumela-Varmadals á Kjalarnesi sem felst í stækkun lóðarinnar nr. 1 við Kalksléttu til norðvesturs, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf., dags. 10. október 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2022.
28. **Sundlaugavegur 30C, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.37) Mál nr. SN220749
Skjalnr. 12492
S30C ehf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn S30C ehf., dags. 24. nóvember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Laugardals, vesturhluta vegna lóðarinnar nr. 30C við Sundlaugaveg sem felst í stækkun lóðarinnar. Einnig eru lagðar fram tvær tillögur að stækkun sem skissaðar eru inn á uppdrætti dagsettir 15. febrúar 1999.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

29. **Gullslétta 1, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN220460
Skjalnr. 14662

K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
AGROS Lækjarmelur 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn K.J.ARK slf. dags. 20. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggghæð eða mænishæð er að ræða, samkvæmt uppd. K.J.ARK slf. dags. 19. júlí 2022. Einnig lagður fram tölvupóstur íbúaráðs Kjalarness dags. 3. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlengdum athugasemdartíma. Tillagan var auglýst frá 27. september 2022 til og með 24. nóvember 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: íbúaráðs Kjalarness dags. 3. nóvember 2022, Sigríður Ingólfssdóttir dags. 8. nóvember 2022. Einnig er lögð fram ábending Veitna dags. 7. október 2022.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

30. **Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund, breyting á deiliskipulagi** (32.472.0)

Mál nr. SN220294
Skjalnr. 13127

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Arkþing/Nordic f.h. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14.júní 2022 er varðar breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á íbúðarhúsnæði og nýjar lóðir skilgreindar innan íbúðarsvæðis ÍB57 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Um er að ræða fyrsta áfanga af tveimur möguleikum með allt að 81 íbúðum. Einnig eru lagðir fram deiliskipulagsuppdrættir og skuggavarp dags. 14. júní 2022. Tillagan var auglýst frá 12. október 2022 til og með 23. nóvember 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Guðfinna Ármannsdóttir dags. 14. nóvember 2022, íbúaráð Kjalarness dags. 11. nóvember 2022 og Veitur dags. 22. nóvember 2022.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Vesturbæjarsundlaug, breyting á deiliskipulagi** (01.526.1)

Mál nr. SN220054
Skjalnr. 7723

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í breytingunni felst að lóðarmörk við Einimel 18-26 eru færð út sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppd. Eflu dags. 27. janúar 2022. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingu: Þórhallur Ólafsson dags. 25. febrúar 2022, Jónína Ólafsdóttir dags. 2. mars 2022, Guðný Kjartansdóttir dags. 2. mars 2022, Ólafur Jóhannsson dags. 2. mars 2022, Daði Þorsteinn Sveinbjörnsson dags. 8. mars 2022, A. Hlín Brynjólfssdóttir dags. 17. mars 2022, Andri Ólafsson dags. 18. mars 2022, Sigríður Guðmundsdóttir dags. 21. mars 2022, Jón Gunnar dags. 21. mars 2022, Jónas Þór Snæbjörnsson dags. 21. mars 2022, Filipus Th Ólafsson dags. 21. mars 2022, Rósa Björk Gunnarsdóttir dags. 21. mars 2022, Ævar Rafnsson dags. 21. mars 2022, Gylfi Garðarsson dags. 22. mars 2022, Ólafur Örn Jónsson dags. 22. mars 2022, Árni Snævarr dags. 23. mars 2022, Snorri Þór Sigurðsson dags. 23. mars 2022, Björn B. Björnsson dags. 29. mars 2022, Teitur Atlason dags. 9. apríl 2022, Örn Úlfar Sævarsson dags. 12. apríl 2022 og Stefán A. Svensson f.h. íbúa Einimels 22, 24 og 26 dags. 13. apríl 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

32. **Akurgerði 33, breytt notkun bílskúr - tattoo** (01.813.208) Mál nr. BN059446
Skjalnr. 13244
Guðmundur Kári Kárasón, Akurgerði 33, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta notkun bílskúrs í vinnustofu og innrétta húðflúrsstofu, í matshluta nr. 02, við hús á lóð nr. 33 við Akurgerði.
Leiðréttur máltexti frá afgreiðslufundi 24. nóvember 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Akurgerði 25, 27, 29, 31, 39 og 41.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
33. **Hlíðarendi, reitur I, ósk um breytingu á skilmálum deiliskipulags** (01.62) Mál nr. SN220768
Skjalnr. 8573
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram bréf Björns Traustasonar f.h. Bjargs íbúðarfélags dags. 10. nóvember 2022 um breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Hlíðarenda, reit I sem felst í fjölgun íbúða og bílastæða, einfalda skipulagsskilmála er snýr að salarhæð og uppbroti húsa ásamt því að heimila sölu allt að 20% íbúða.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Harri Ormarsson

Helena Stefánsdóttir